

Safnaðarbréf

á lönguföstu 2007



Kirkjan og Björn

Björn Ástmundsson, forstjóri á Reykjalundi, var sóknarnefndarformaður í Lágafellssókn í 18 ár samfleytt. Á þeim tíma voru margvíslegar framkvæmdir á vegum safnaðarins. Björn hlaut lögum samkvæmt að ganga úr sóknarnefnd þegar hann fluttist búferlum úr sókninni. Nú er hann einnig risinn upp úr forstjórastóli á Reykjalundi.

Á bls. 4-5 lítur Björn yfir farinn veg.

Helgihald í Lágafellssókn
mars – ágúst 2007
bls. 8

Sorgin hefur mörg andlit –
erindi um sorg og
sorgarviðbrögð
bls. 7

Hvenær fermast börnin
– og hvar?
Bls. 2-3



Fermingarbörn í ferð og fræðslu

Um miðjan febrúar fóru tilvonandi fermingarbörn í sína árvissu heimsókn til hins forna biskupsstaðar Skálholts. Raunar hófst ferðin í íþróttahúsinu að Varmá þar sem fulltrúar Tollgæslunnar heimsóttu börnin og voruðu þau við þeirri vá sem stafar af fíkniefnum og fíkti með þau. Með í för var leitarhundurinn Skuggi sem að vísu er að mestu sestur í helgan stein nú orðið, en ljóst að meðal barna telur hann sig í vínafagnaði.

Á bls. 6 eru nokkrar myndir frá Skálholtsförinni.

Fermingar í Lágafellssókn

Ferming í Lágafellskirkju 25. 03. 2007 kl. 10:30

Aníta Hjartar Arnarsdóttir,
Dalatanga 13
Benedikt Heiðar Þorgeirsson,
Hrafnshöfða 7
Embla Rún Gunnarsdóttir,
Markholti 3
Eysteinn Örn Stefánsson,
Arkarholti 19
Fannar Freyr Ásgeirsson,
Áslandi 12
Fríða Líf Vignisdóttir,
Leirutanga 4
Guðbjartur Árni Þorleifsson,
Stórateigi 21
Guðgeir Búi Þyrison,
Byggðarholti 1c
Ívar Logi Birgisson,
Fálkahöfða 9
Jónína Jófríður Jóhannesdóttir,
Dvergholti 1
Kjartan Jónsson, Skeljatanga 36
Magnús Kristmundur Birgisson,
Grundartanga 46
Sjafnar Björgvinsson,
Hrafnshöfða 16
Stefanía Pálsdóttir,
Krókabyggð 24

Ferming í Lágafellskirkju 25. 03. 2007 kl. 13:30

Alda Snorradóttir, Tröllateigi 7
Alex Jökulsson, Fálkahöfða 4
Bjarki Eyþórsson,
Lindarbyggð 1
Eydís Rún Einarsdóttir,
Stórateigi 38
Kristín Helga Hermannsdóttir,
Rituhöfða 10
Lýður Jónsson, Grenibygð 24
Ólafur Orri Gunnlaugsson,
Furubyggð 2
Pétur Axel Jónsson,
Grenibygð 24
Róbert Arnason, Furubyggð 40
Sigurður Kári Arnason,

Reykjavegi 86
Steinunn Ósk Magnúsdóttir,
Reykjabyggð 12
Viktor Sveinsson, Leirutanga 24
Þráinn Ingólfsson,
Blikastöðum 1

Ferming í Lágafellskirkju 01. 04. 2007 kl. 10:30

Andri Hrafn Ásgeirsson,
Arkarholti 2
Arnar Pálsson, Brekkutanga 30
Ásdís Birna Gylfadóttir,
Barrholti 12
Berglind Ósk Vilhjálmsdóttir,
Tröllateigi 20
Brynja Dís Sigurðardóttir,
Akurholti 21
Geir Jóhann Geirsson,
Leirutanga 26
Halldór Unnar Hafberg,
Súluhöfða 25
Ívar Andri Hilmarsson,
Brekktanga 21
Jóhann Þorvaldsson,
Hamarsteigi 2
Kristófer Arnar Eiríksson,
Arnartanga 72
Kristrún Halla Gylfadóttir,
Barrholti 12
Ragnheiður Erla Björnsdóttir,
Dvergholti 23
Sara Sigfúsdóttir, Miðholti 9
Sunneva Líf Blomsterberg,
Bæjarási 3
Sveinbjörn Benedikt Eggertsson,
Bugðutanga 2
Sædís Rán Sveinsdóttir,
Spóahöfða 12
Sæunn Ýr Óskarsdóttir,
Borgartanga 1
Sævar Pálsson, Björtuhlíð 7
Sæþór Bragi Sölvason,
Spóahöfða 14
Tómas Ísleifsson, Hjallahlíð 15

Ferming í Lágafellskirkju 01. 04. 2007 kl. 13:30

Chanaporn Lís Óskarsdóttir,
Snorrabraut 40, Rvík
Dagur Viljar Haraldsson,
Skeljatanga 32
Elías Baldursson, Arnartanga 66
Gestur Þór Guðmundsson,
Skeljatanga 4
Grímur Óli Grímsson,
Grenibygð 1
Hákon Örn Bergmann,
Hjallahlíð 6
Heiðdís Hlynisdóttir,
Reykjabyggð 24
Hrafn Sigurðarson,
Reykjavegi 56
Íris Theódóra Unnsteinsdóttir,
Reykjabyggð 35
Karen Gústavsdóttir,
Súluhöfða 21
Katla Dóra Helgadóttir,
Hlíðarási 4c
Kári Hallsteinsson,
Bollatanga 18
Kristinn Rafn Guðmundsson,
Melstað
Linda Pétursdóttir, Stórateigi 34
Margeir Alex Haraldsson,
Hrafnshöfða 14
Pálmar Orri Baldvinsson,
Logafold 156, Rvík
Tinna Ýr Vestmann Ólafsdóttir,
Byggðarholti 1b
Tómas B. Bachmann
Brynjarsson, Björtuhlíð 3
Viðar Páll Júlíusson,
Súluhöfða 14
Þórir Hólm Jónsson,
Reykjabyggð 33

Ferming í Lágafellskirkju 05. 04. 2007 kl. 10:30

Anna Jóna Helgadóttir,
Steinahlíð
Aron Bjarki Björnsson,
Arnarhöfða 3
Ásgeir Ólafsson, Skeljatanga 9
Ásta Huld Sólveigardóttir,
Hjallahlíð 33

vorið 2007

Dagmar Haraldsdóttir,
Hamratanga 2
Davíð Sigurjónsson,
Stórateigi 23
Elín María Ólafsdóttir
Hulduhlíð 1
Fannar Þór Benediktsson,
Borgartanga 2
Franz Jónas Arnar Arnarson,
Hjarðarlandi 4a
Guðmundur Ingi Bjarnason,
Byggðarholti 12
Guttormur Þorláksson,
Brekktunga 7
Hörður Freyr Hildarson,
Melgerði
Marinó Haraldsson,
Hamratanga 2
María Ólafsdóttir, Hrafnshöfða 1
Sólveig Ósk Ólafsdóttir,
Danmörku
Tómas Helgi Valdimarsson,
Lækjartúni 9
Þórunn Anna Orradóttir,
Hjallahlíð 19d

Ferming í Lágafellskirkju 05. 04. 2007 kl. 13:30

Anita Erla Thorarensen,
Arnartanga 54
Arnar Logi Lúthersson,
Grenibýggð 18
Ásthildur Elín Einarsdóttir,
Hulduhlíð 1
Benedikt Geir Jóhannesson,
Þrastarhöfða 43
Bergdís Bergsdóttir, Miðholti 1
Birgir Örn Birgisson,
Urðarholti 4
Bryndís Bjarnadóttir, Víðiteig 6c
Eydís Ólafsdóttir, Björtuhlíð 3
Guðmundur Sindri Harðarson,
Víðiteigi 22
Helga Björk Kristinsdóttir,
Akurholti 5
Huldís Inga Bjarkadóttir,
Barrholti 41

Ingunn Erla Kristinsdóttir,
Blikahöfða 1
Karen Helga Sigmundsdóttir,
Spóahöfða 1
Karitas Sigurðardóttir,
Reykjabyggð 41
Kristján Helgi Carrasco,
Hamratanga 5
María Helga Jónsdóttir,
Suðurreykjum 1
Sandra Dís Bjarnadóttir,
Súluhöfða 17
Þorgrímur Sigurðsson,
Hamratanga 17
Þórey Lind Vestm. Hilmarsdóttir,
Grundartanga 28
Þórunn Þorbjarnardóttir,
Byggðarholti 35

Ferming í Lágafellskirkju 15. 04. 2007 kl. 10:30

Amanda Vilhjálmsdóttir,
Bugðutanga 6
Anna Þuríður Pálsdóttir,
Arnartanga 5
Arnór Snær Guðmundsson,
Fálkahöfða 4
Daníel Hlynur Michaelsson,
Engjavegi 10
Einar Smári Garðarsson,
Bollatanga 8
Guðmundur Vignir Þórðarson,
Blikahöfða 1
Harpa Methúsalemsdóttir,
Klapparhlíð 26
Helga Rúnarsdóttir, Spóahöfða 8
Ragna Gunnhildur
Gunnarsdóttir, Arnartanga 10
Selma Margrét Reynisdóttir,
Hlíðartúni 5
Snæfríður Guðmundsdóttir,
Brekktunga 15
Stefanía Rós Stefánsdóttir,
Brattholti 4b
Sveinn Orri Guðmundsson,
Krókabyggð 9a
Telma Rut Waltersdóttir,
Tröllateigi 19

Tinna Sif Guðmundsdóttir,
Krókabyggð 9a

Ferming í Mosfellskirkju 15. 04. 2007 kl. 13:30

Andri Orrason, Leirvogstungu 4
Bent Gauti Pedersen, Fellsási 7
Erla Sigríður Sigurðardóttir,
Brekklundi 8
Gréta Guðný Snorradóttir,
Merkjateigi 5
Klara Dögg Baldvinsdóttir,
Merkjateigi 1

Ferming í Lágafellskirkju 22. 04. 2007 kl. 10:30

Dagný Björg Arnardóttir,
Bjargartanga 15
Elísa Arnarsdóttir, Víðiteigi 2e
Halldóra Þóra Birgisdóttir,
Arnartanga 4
Karl Kristjánsson, Dalatanga 8
Óskar Þór Guðjónsson,
Stórateigi 30
Signý Haraldsdóttir,
Reykjabyggð 25
Steinunn Helgadóttir,
Helgafelli 1
Tinna Georgsdóttir, Þverholti 13

Ferming í Mosfellskirkju 22. 04. 2007 kl. 13:30

Ásdís Reynisdóttir, Víði
Hallur Húmi Blumenstein,
Brekktunga 3
Snæfríður Jóhannesdóttir,
Hraðastöðum 1

Ferming í Lágafellskirkju 03. 06. 2007 kl. 11:00

Diljá Auður Kolbeinsdóttir,
Tröllateigi 18
Gunnar Georg Gray,
Ægisgrund 4
Garðabæ

Í lok janúar á þessu ári lét Björn Ástmundsson af störfum sem framkvæmdastjóri Reykjalundar og hélt með því upp á 30 ára starfsafmæli sitt í þeirri stöðu. Mestan hluta þess tíma áttu hann og kona hans, Guðmunda Arnórsdóttir, heima í bæjarfélaginu, auk þess sem Björn ólst að hluta upp í sveitinni. Foreldrar hans áttu sumarbústað á bökkum Varmár undir brekkunni niður af Reykjalundi og bjuggu þar á sumrin. Ennfremur átti Björn hér frændgarð nokkurn og var því talsvert kunnugur sveitarfélaginu.

Á búsetutíma sínum í Mosfellssveit og síðar Mosfellsbæ í rúman aldarfjórðung kom Björn víða við í félagsmálum bæjarfélagsins. En ljóst má telja að á því sviði hefur hann hvergi staldrað lengur við né markað dýpri spor en í sóknarnefnd Lágafellssóknar. Björn er beðinn að rifja upp tíma sinn í sóknarnefndinni:

„Um miðjan níunda áratuginn lá fyrir að Kristján Þorgeirsson sem verið hafði sóknarnefndarformaður hafði ákveðið að hætta. Þá kom sr. Birgir Ásgeirsson að máli við mig og spurði hvort mætti stinga upp á mér í staðinn. Ég tók það sem svo að verið væri að leita að einhverjum sem væri fáanlegur til að taka til hendinni og samþykkti að gefa kost á mér. Ég var síðan kosinn í september 1985 og varð formaður sóknarnefndar. Það hélst svo til 2003 þegar ég flutti úr sókninni. Þá varð ég að segja af mér þessu embætti, lögum samkvæmt.

Parna var skemmtilegt fólk að vinna með og í mörg horn að líta. Það fyrsta sem ég man eftir og fannst vera merkilegt mál var þegar við fengum erindi þess efnis að afsala okkur Viðeyjarkirkju, sem um langan aldur hafði heyrð undir Mosfellsprestakall.

Lágafellskirkju hafði verið tekið myndarlegt tak á 90 ára afmæli hennar 1979. En hún þurfti meira viðhald og kirkjugarðurinn var að fyllast. Þá var ástand íbúðarhússins á prestssetrinu á Mosfelli bagalegt. Það var ekki síst áhyggjuefni vegna þess að á þessum árum var það þekkt, að þar sem prestar vildu ekki sitja prestssetrin eða gátu ekki heldur fluttu sig í næsta þéttbýli, voru prestssetursjarðirnar einfaldlega teknar til eignasýslu ríkisins og seldar.

Ofan á þetta bættust áform sóknarnefndarinnar um að byggja safnaðarheimili. Upp höfðu komið hugmyndir um að byggja það inn í hólinn við Lágafellskirkju, eða fram á hlaðið þar sem húsin að Lágafelli höfðu áður staðið. Þó voru menn ekki á eitt sáttir um að hafa

þetta á Lágafelli, meðal annars vegna barnastarfsins, enda var þetta áður en gangstígur kom um undirgöng undir Vesturlandsveginn.

Síðla árs 1986 var síðan farið að ræða um möguleika á safnaðarheimili annars staðar. Helga Vilhjálmisdóttir var þá að byggja yfir Mosfellsapótek í Þverholti 3 og á safnaðarfundi haustið 1986 var samþykkt að kaupa efstu hæðina í því húsi og innrétta sem safnaðarheimili. Það var svo tekið í notkun haustið 1988. Jafnhliða byrjuðum við að smíða nýtt skróðhús við Lágafellskirkju sem var svo vígt á páskaðag 1989.

Einnig náðust samningar við landeigendur Lágafells að stækka kirkjugarðinn til vesturs og í framhaldinu var samið við Lionsmenn um að leggja stíga um nýja garðinn, þökuleggja, hlaða upp kantana og þess háttar. Þetta voru fyrstu tengslin við Lionsklúbbinn, sem síðan hafa haldist í ýmsum verkefnum bæði á Lágafelli og Mosfelli.

1989 vorum við mjög að hugsa um aldarafmæli kirkjunnar á Lágafelli og



Björn rifjar upp árin

Taldi verið að leita sem fáanlegur væri

þær endurbætur sem nauðsynlegar væru til að geta haldið almennilega upp á afmælið. Söfnuðurinn var orðinn býsna auralaus á þessum tíma en við héldum samt upp á afmælið með töluverðri viðhöfn 11. júní 1989, þó ekki væri öllum verkum lokið. Síðar á þessu afmælisári gengum við til samninga við Björgvin Tómasson um smíði á nýju orgeli í Lágafellskirkju. Sumum þótti það raunar frumhlaup að setja svo stórt og vand að hljóðfæri í þetta gamla hús, stærsta hljóðfæri sem þá hafði verið smíðað á Íslandi, en eftir á held ég að öllum þyki það hafa tekist vel til.

1991 tókum við svo hlaðið á Lágafelli í gegn, breyttum því nokkuð og hellu lögðum það með hitalögn. Jafnframt rifum við steintröppurnar við vesturgafli

inn, steyptum upp verkfærageymslu þar undir og gerðum tröppulausan aðgang að kirkjunni. Áður hafði hún ekki verið aðgengileg fyrir hjólastóla.

1992 lukum við endurbótum á kirkjunni með því að setja í hana nýtt gólf og mála hana. Jóhann Björnsson trésmiður var ráðinn framkvæmdastjóri sóknarnefndar um þetta leyti og eitt hans fyrsta verk var að stjórna Lionsmönnum sem tóku verkið að sér.

Árið 1990 tilkynnti sr. Birgir okkur að hann hygðist láta af starfi sóknarprests. Hann var þá fluttur frá Mosfelli og taldi prestssetrið, sem þó var ekki nema rúmlega 30 ára gamalt hús, ekki íbúðarhæft. Það stóð þar eftir autt og ónýtt. Um þetta leyti voru töluverðar

utan að sjá um þrif á kirkjunni, enda hafði söfnuðurinn not af húsinu sem slíku.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Mosfellskirkju skipuðu, samkvæmt erfðaskrá Stefáns Þorlákssonar sem gaf kirkjuna, biskup, sýslumaður og sóknarprestur. Þessi stjórn leit raunar svo á að hennar hlutverki væri lokið þegar kirkjan var komin upp og hafði verið vígð. Kirkjan var þegar þarna var komið farin að láta mjög á sjá því viðhaldsfé var ekkert og sjálfseignarstofnunin naut ekki sóknargjalda.

En árið 1991 kom bréf frá biskupi þar sem farið var fram á að sóknarnefnd tæki við kirkjunni í umboði stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar. Býsna margt þurfti að gera svo sem stöðva leka, endurnýja gólf, hitalögn og rafmagn. Þakið var að sliga burðarvirkin sem lágu innan í gluggapóstunum og voru rörin að ryðga sundur innan í tréverkinu sem sjálft var farið að fúna. Þá settum við stöðir innan á veggina og sums staðar varð beinlínis að tjakka þakbrúnina upp um nokkra sentimetra til að rétta hana af. Þessum

setrasjóðs til að fallast á að rífa gamla prestssetrið og byggja nýtt móti okkur að hálfu.

Ég held að menn hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir hvað lá því að baki að við nýttum okkur þessar heimildir, fyrst safnaða á landinu. Þær raddir heyrðust að við værum að ráðskast þarna með fé kirkjunnar og sjóði og byggja yfir prest sem gæti sem best séð sér fyrir húsnæði sjálfur. En ef við hefðum ekki farið út í að byggja prestsetur og ætla presti búsetu á Mosfelli hefðum við einfaldlega misst jörðina eins og farið hefur með mörg prestssetur á landinu, bæði áður en þessi lög komu til og eftir. En með þessu höldum við eignarrétti kirkjunnar á Mosfelli og því landi sem jörðinni tilheyrir. Ég er líka eindregið þeirrar skoðunar að söfnuðurinn eigi að gera búsetu prests að Mosfelli að skilyrði.

Meðan þetta allt var í deigluinni var haldið að okkur að taka land undir nýjan kirkjugarð niðri á Víðinum, en á aðalsafnaðarfundum í apríl 1994 var formlega samþykkt að hafa kirkjugarðinn þar sem hann nú er og byggja prestssetur í samvinnu við prestsseturssjóð og fá Knút Jeppesen arkitekt til að teikna húsið. Við hann höfðum við áður átt gott samstarf sem arkitekt safnaðarheimilisins. Af hálfu prestsseturssjóðs var þetta fjármagnað með sölu lands úr kirkjugarðinum sunnan Þjóðveggarins og af hálfu Mosfellskirkju komum við að þessu meðal annars með því að selja landsspildu úr sunnanverðu Úlfarsfelli sem verið hafði eign Mosfellskirkju.

Síðla árs 1996 voru verklok á viðgerð Mosfellskirkju og grunnur kominn að nýju prestssetri. 1997 var boðinn út frágangur á fyrsta hluta Mosfellskirkjugarðsins nýja – og svo er framhaldið kannski nokkuð þekkt. Prestssetrið var tekið í notkun árið 1998 og ég veit ekki annað en að séra Jón og Sigríður Anna unni þar hvernig nokkuð vel.

Ljóst má vera þegar lítið er yfir farinn veg þau 18 ár sem Björn var hér sóknarnefndarformaður að ærlega hefur verið tekið til hendinni. En þegar hann hefur nú sleppt hendinni af Reykjalundi líka – hvað tekur þá við hjá manni á besta aldri, rétt rúmlega sextugum?

„Fyrst um sinn verð ég eitthvað viðloða á Reykjalundi – ætli það heiti ekki ýmiss sérverkefni?“ segir Björn kíminn. „Ég fer að mæta seint og hætta snemma auk þess að vinna ekki á góðvildisdögum. Áhrifalaus og ábyrgðarlaus með öllu!“ SHH

n í sóknarnefndinni:

ta að einhverjum að taka til hendinni

breytingar á lögum um skipan prestakalla og væringar í prestastétt um hvort auglýsa ætti laus prestsembætti og söfnuður kjósa eða kjörmenn, eða hvort ætti að kalla til prest. Við ákváðum að auglýsa og fengum fimm umsóknir – ein var dregin til baka. Kjörnefnd kaus síðan sr. Jón Þorsteinsson sóknarprest og hann kom hingað á vormánuðum 1990.

Ég lít svo á að árið 1991 hafi orðið nokkur kaflaskipti hjá okkur. Mosfellskirkja hafði haft nokkra sérstöðu innan sóknarinnar. Hún var sjálfseignarstofnun og hafði lítilsháttar tekjur af sölu á heitu vatni. Sóknarnefnd hafði jafnan hlaupið undir bagga með eitt og annað í rekstrinum, kaup á kertum og öðru smálegu fyrir

framkvæmdum lauk í árslok 1993.

Prestsseturshúsið að Mosfelli var eins og áður segir óbúðarhæft og ónýtt og við í stöðugum útistöðum við yfirvöld um viðhald. Prestssetrasjóður verður ekki til með lögum fyrr en síðla árs 1993 og gjörsamlega ómögulegt að fá nokkra peninga til viðhalds. Við fengum heldur ekki heimild til að rífa gamla húsið. En með lögum um prestssetur frá 1993 fundum við glufu. Í þeim eru í fyrsta lagi tilgreindir tveir staðir hér á þessu svæði þar sem skulu vera prestssetur: Grindavík og Mosfell. Í öðru lagi var söfnuðum heimilað að koma að byggingu og viðhaldi prestssetra af tekjum sínum.

Á sínum tíma urðu um þetta skrif og fjölmiðlafár. En við fengum stjórn prests-



Hilmar Örn, organisti Skálholtskirkju kynnir orgel kirkjunnar fyrir börnunum.

„Þetta er stórt blokkflautusafn" sagði hann og hann undraðist þekkingu barnanna á tónlist og þeim lögum og orgelverkum sem hann lék fyrir þau.

Það er greinilega afar gott tónlistaruppeldi í Mosfellsbæ.



Börnin skiptust í hópa og hver hópur samdi og setti upp leikrit sem byggt var á sögunni um miskunnsama Samverjann. Þau heimfærðu söguna upp á aðstæður í nútímanum og hver hópur flutti svo sína leikgerð fyrir hina.

Það voru mikil tilprif í leikrænni túlkun og mikið hlegið og mikið gaman. Boðskapur dæmisögunnar góðu komst þannig vel til skila.

úr Skálholtsferð

13. og 14. febrúar s.l.



Maturinn var góður og það borð sem hafði á sér „stilltasta" yfirbragðið fékk að fara fyrst til að bera sig eftir kræsingunum. Borðbænsungin á undan og þakkir fluttar að loknum snæðingi.

Allir voru í góðu skapi og börnin fengu öll mikið hrós fyrir þrúðmannlega og fallega framkomu.



Erindi um sorg og sorgarviðbrögð:

Sorgin hefur mörg andlit

„Ekki tjalda sorgin til einnar nætur,“ segir í ljóði eftir Hannes Pétursson.

Sorg eru viðbrögð mannsins við hvers konar missi í lífinu.

Dauði, missir maka, barns eða náins ástvinnar er sársaukafull lífsreynsla og meira en svo að orð fái tjáð.

Við getum einnig upplifað sorg við annars konar áföll eða breytingar sem við getum orðið fyrir á lífsleiðinni, eins og t.d. við skilnað, fósturlát, atvinnumissi, fjárhagslegt tjón, breytta hlutverkaskipan í fjölskyldu, heilsubrest o.fl..

Oft er sagt að sorgin hafi mörg andlit.

Í þeim orðum felst sú staðreynd að engin tvö okkar mætir henni með sama hætti.

Hvernig við tengdumst hinum látna ræður miklu um viðbrögðin, aðstæður okkar og reynsla og margt fleira hefur einnig áhrif.

Eitt eigum við þó sameiginlegt:

Sorgin veldur sársauka og það tekur tíma að komast yfir hana og laga sig að breyttum aðstæðum eftir

missi. Þegar við syrgjum erum við að ná áttum og takast á við það sem hefur breyst í lífinu. Þá fetum við okkur áfram, finnum nýjar leiðir og reynum að fóta okkur í breyttri tilveru, sem oft er svo tóm eftir þann missi sem við höfum orðið fyrir.

Þetta og margt fleira mun Gunnar Matthíasson sjúkrahússprestur koma inn á í erindi sem hann mun halda í Safnaðarheimili Lágafellssóknar 26. febrúar kl. 20.00.

Í lok fundar verður boðið upp á kaffi, spurningar og umræður.

Kynning verður á nærhópi fyrir syrgjendur og þeim sem misst hafa maka, barn eða náinn ástvin boðin þátttaka. Þar gefst þeim kostur á að staldra við, deila með hvert öðru, fræðast og vinna nánar úr sorginni meðal jafningja.

Verið velkomin.

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir mun leiða hópinn.

**Munið: Sr. Gunnar Matthíasson
í safnaðarheimilinu, 26. febrúar kl. 20!**

„Mín klukka, klukkan þín, kallar oss heim til sín“

Löngum hefur gengið í basli með klukkur kirkjunnar á Mosfelli, þær er hanga uppi í turni hennar. Í upphafi var þeim gerður búnaður þannig að hægt átti að vera að láta þær sveiflast rafrænt og slá svo undir tæki í dalnum. Þessi búnaður reyndist þó ekki endingargóður. Þar að auki var þetta þolraun fyrir burðarvirki turnsins og þar kom að hvorki

var hægt né vilji fyrir að láta klukkurnar klingja.

Með tölvutækni nútímans hefur þetta breyst. Hægt að forrita sláttverk til að hringja þeim af meiri nákvæmni og án þess að reyna meira en góðu hófi gegnir á rambalda og burðarvirki.

Nú hljóma því klukkur Mosfellskirkju á ný og við hæfi að heimfæra

upp á þær línur úr niðurlagserindi kvæðis Halldórs Laxness, Stóð ég við Öxará:

„...kátt tók að klingja og fast
klukkan sem áður brast,
alskærum ómi sló
útyfir vatn og skóg.
Mín klukka, klukkan þín,
kallar oss heim til sín.“

Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Jóns Þorsteinssonar er í safnaðarheimilinu á 3. hæð Sínaviðtaltími hans er þriðjudaga til föstudaga kl. 11–12. Símanúmer: sjá ofan.
Fax: 566 7223 Heimasími: 566 7107, farsími 896 2407. Netfang: srjont@ismennt.is

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er á annarri hæð. Sínaviðtaltími hennar er mánudaga til fimmtudaga kl. 12–13. Símanúmer: sjá ofan.
Fax: 566 6624, farsími: 869 9882
Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Viðtaltími Þórdísar Ásgeirsdóttur djákna er í safnaðarheimilinu á þriðjudögum kl. 10–14. Símnúmer: sjá ofan.
Farsími: 691 8041. Netfang: thordisa@kirkjan.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtaltíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566 8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@simnet.is

Skrifstofa Hreiðars Arnar Zoëga Stefánssonar framkvæmdastjóra er á annarri hæð: Símanúmer: sjá ofan. Farsími: 896 8936. Netfang: hreidar@kirkjan.is

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir. Símanúmer: sjá ofan.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Á heimasíðu Lágafellssóknar, www.lagafellskirkja.is, má sjá ýmislegt um dagskrá og starfsemi sóknarinnar.

Helgiöld í Lágafellssókn mars til júlí 2007

4. mars 2. sd. í föstu

Æskulýðsdagur þjóðkirkjunnar.

Lágafellskirkja: Fjölskylduguðsþjónusta („popp-messa“) kl. 20.00 – hljómsveitin „Gildran“

Sunnudagaskóli kl. 13.00

Stopp-leikhópurinn kemur í heimsókn með leikverk eftir sögu H.C. Andersen, „Eldfærin“

Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir

11. mars 3. sd. í föstu

Lágafellskirkja: Guðsþjónusta kl. 11.00

Reykjalundarkórinn leiðir söng. Stjórn: Íris Erlingsdóttir

Sunnudagaskóli kl. 13.00

Prestur: sr. Jón Þorsteinsson

18. mars, miðfasti

Lágafellskirkja: Teze messa kl. 20.00

Sunnudagaskóli kl. 13.00

Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir

25. mars 5. sd. í föstu

Lágafellskirkja: Fermingarmessur kl. 10:30 og 13:30

1. apríl pálmásunnudagur

Lágafellskirkja: Fermingarmessur kl. 10:30 og 13:30

5. apríl skírdagur

Lágafellskirkja: Fermingarmessur kl. 10:30 og 13:30

6. apríl föstudagurinn langi

Víðines: Guðsþjónusta kl. 11.00

Mosfellskirkja: Guðsþjónusta kl. 14.00

8. apríl páskadagur

Lágafellskirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 08.00

Prestur: sr. Jón Þorsteinsson

15. apríl 1. sd. e. páska

Fermingarmessur:

Lágafellskirkja kl. 10:30

Mosfellskirkja kl. 13:30

22. apríl 2. sd. e. páska

Fermingarmessur:

Lágafellskirkja kl. 10:30

Mosfellskirkja kl. 13:30

6. maí 4. sd. e. páska

Lágafellskirkja: Guðsþjónusta kl. 11.00

Prestur: sr. Jón Þorsteinsson

13. maí 5. sd. e. páska

Mosfellskirkja: Guðsþjónusta kl. 14.00

Kirkjudagur Hestamannafélagsins Harðar.

Hópreið hestamanna til kirkju

Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

20. maí 6. sd. e. páska

Ferð presta, organista og kirkjukórs á

Snæfellsnes. Guðsþjónusta í

Grundarfjarðarkirkju kl. 11.00

27. maí hvítasunnudagur

Lágafellskirkja: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11.00

Prestur: sr. Ragnheiður Jónsdóttir

3. júní þrenningarhátíð

Lágafellskirkja: Messa kl. 11.00

Prestur: sr. Jón Þorsteinsson

17. júní þjóðhátíðardagur

Lágafell: Hátíðarguðsþjónusta kl. 11.00

Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

8. júlí 5. sd. e. þrenningarhátíð

Lágafellskirkja: Messa kl. 11.00

Prestur: Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

22. júlí 7. sd. e. þrenningarhátíð

Mosfellskirka: Guðsþjónusta kl. 11.00

Prestur: sr. Jón Þorsteinsson